



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Aðalskipulag og loftslagsmál

Umsögn um Loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins, dagsett september 2022

Óskað var eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um mótun loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.

Reykjavík hefur haft loftslagsstefnu síðan 2011 með tilheyrandi aðgerðaáætlun sem uppfærð hefur verið reglulega, nú síðast 2021. Kolefnisspor (loftslagsbókhald) Reykjavíkur hefur verið birt reglulega síðan 2009, fyrst á 2 ára fresti en nú á 1 árs fresti. Reykjavík hefur skuldbundið sig til þátttöku í nokkrum loftslagsverkefnum og má þar helst nefna Global Covenant of Mayors, Stuðningsyfirlýsing við Parísarsáttmálann, Race to Zero, Race to Resilience, Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar, Sameiginleg yfirlýsing norrænu höfuðborganna í loftslagsmálum, C40 ReInventing Cities, ISO staðla um sjálfbæra þróun og er ein af 112 borgum í Evrópu sem taka þátt í tilraunaverkefni um að verða kolefnishlutlaus 2030 og verða fyrirmynd annarra borga í Evrópu hvernig ná eigi kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 Það verkefni snýst um að gera loftslagssamning við alla sem þurfa að koma að þeim breytingum, ríkið, önnur sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, frjáls félagasamtök - í sátt við borgarbúa - Loftslagssamning Reykjavíkur. Þátttaka í loftslagsstefnu sveitarfélaga sem liggja næst Reykjavík er eðlilegur hluti af loftslagsstarfi sem þarf að byggja á sameiginlegu átaki í málaflokknum.

Tekið skal fram að undirrituð var ein 7 fulltrúa sveitarfélaga sem sátu í starfshópi sem undirbjó mótun stefnunnar. Mótun stefnu fyrir marga aðila er alltaf ákveðin málamiðlun en almennt má segja að vel hafi tekist til við þessa fyrstu loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Í inngangi að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins er tekið fram að hún verði endurskoðuð reglulega. Þar sem sú endurskoðun hefur tafist er nokkrum athugasemdum hér með komið á framfæri.

Frá því að undirbúningur loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins hófst fyrir rúmum 2 árum síðan hefur margt breyst. Í millitíðinni hafa komið fram nýjar upplýsingar um stöðu loftslagsmála. Þar má helst nefna matsskýrslu vinnuhóps 3 hjá Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC).¹ Í loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins er ítarlega vísað til aðgerðaáætlunar ríkisins en Loftslagsráð sendi frá sér ályktun sumarið 2022 um að þær loftslagsaðgerðir væru ekki í samræmi við viðvaranir í matsskýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC)²

Í þeirri matsskýrslu er áréttað mikilvægi borga við þróun kolefnishlutlauss samfélags til framtíðar. Í lauslegri þýðingu segir að þrenns konar áherslur séu mikilvægar til að draga úr núverandi og framtíðar losun gróðurhúsalofttegunda og skiptir skipulagsvinna þar megin máli: i) leggja áherslu á orkuskipti og sjálfbæra framleiðslu og neyslu, þar með talið áherslu á að skipulag og innviðir styðji við þetta, gönguvæna byggð ii) leggja áherslu á rafvæðingu og að uppbygging innviða séu með lágmarks kolefnisspori iii) auka kolefnisbindingu með blá-

¹ Sjá nýjustu skýrslur IPCC hér: [Reports — IPCC](#)

² [Loftslagsráð | Loftslagsaðgerðir ekki í samræmi við viðvaranir IPCC \(loftslagsrad.is\)](#)



grænum innviðum, s.s. gróður á þökum, borgarskóg og götutrjám.³ Meta þarf með hvaða hætti væri hægt að samþætta loftslagsstefnu við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til að slíkar áherslur nái fram.

Í loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins kemur fram markmið um að kolefnishlutleysi verði náð 2035 en þar kemur ekki fram greining á leiðinni að því markmiði í heild sinni. Til er aðferðafræði fyrir slíkt mat og mikilvægt að unnin sé slík greining fyrir svæðið.

Réttilega er tekið fram að sveitarstjórnir og almenningur hafi lítil áhrif þegar atvinnuuppbygging innan þess byggir á iðnaði sem fellur innan ETS kerfisins vegna losunar eins og er með stóriðju í Hafnarfirði. Tekið er undir að þegar atvinnustarfsemin er hafin er lítið svigrúm til breytinga, en sveitarfélög geta haft áhrif á hvers konar atvinnuuppbygging á sér stað innan sveitarfélagsmarka við framtíðaruppbyggingu. Þannig hafa sveitarfélög svigrúm til að leggja áherslu á atvinnuuppbyggingu sem styður við kolefnishlutlaust samfélag innan sveitarfélagsins.

Tillögur um mögulegar viðbótaraðgerðir eru almennt góðar og geta verið innblástur fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Vert er þó að benda á að aðgerðirnar þarf að endurskoða með viðeigandi sérfræðingum. Má þar helst nefna þann flokk þar sem mesta losunin er, vegna vegasamgangna. Ein tillagan er t.d. að meta að gera almenningssamgöngur gjaldfrjálsar en almennt er þekkt að aukin tíðni hefur meiri áhrif á notkun almenningssamgangna en að þær séu ókeypis.⁴ Meta þarf aðgerðirnar út frá þeirri þekkingu sem er til staðar svo dregið sé úr líkur á því að farið verði í kostnaðarsamar aðgerðir sem bera lítinn árangur. Aðgerðalistinn sem fylgir þarf því að endurskoða reglulega eftir því sem þekking á málaflokkum tengdum loftslagsmálum eykst. Faglegur stuðningur við verkefnið er því afar mikilvægur.

Lokaorð

Mælst er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki stefnuna en komi eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Hefja þarf vinnu við endurskoðun stefnu höfuðborgarsvæðisins og viðbótaraðgerða.
- Meta þarf hvernig hægt væri að samþætta loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og markmið um kolefnishlutleysi við endurskoðun á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.
- Greina þarf nánar hvernig kolefnishlutleysi 2035 verði náð.
- Tryggja þarf reglubundna uppfærslu á kolefnisspori og að verkefnið fái faglegan stuðning til framtíðar, bæði varðandi mótvægisáðgerðir og við aðgerðir varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum. Tryggja þarf að verkefnið hafi fjármagn og mannskap til að fylgja því eftir að markmið um kolefnishlutleysi náist.

Virðingarfyllst,
Hrönn Hrafnisdóttir
*Umhverfis- og skipulagssvið
Aðalskipulag og loftslagsmál*

³ Sjá bls. 67 undir liðnum FAQ 8.2. [IPCC AR6 WGIII Chapter08.pdf](#)

⁴ [Almenningssamgöngur hvaða þættir skipta máli á höfuðborgarsvæðinu.pdf \(vegagerdin.is\)](#)